

Nd.

156. Frumvarp

til laga um viðauka við 19. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættis-
manna.

Flutningsmenn: Eiríkur Einarsson og Þorl. Guðmundsson.

Aftan við 19. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, bætist:

Skógarvörðurinn í Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum
hefir að árslaunum 1200 krónur.

Greinargerð.

Starfsmaður sá, er hjer ræðir um, mun beinlínis hafa gleymst, þótt und-
arlegt megi virðast, þá er gengið var frá launalögunum. Hann hefir gegnt sýslan
sinni jafnlengi og skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað og notið sömu
launa og þeir, fram að þeim tíma, er launalögin gengu í gildi, nema hvað þeir
hafa haft hlunnindi að auki, en hann engin. Þeir eru síðan teknir í launalög, en
honum slept, og hefir hann því nú 200 kr. lægri föst laun en starfsbræður hans.
Hjer er bersýnilega um misrjetti að ræða, og er frv. þetta fram komið til
þess að bæta úr því.